

95. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs  
30. 5. 2018 kl. 10:30 – 12:00

Fundur settur kl. 10:30

Fundarstjóri: Kristín Hermannsdóttir

Ritari: Huguín Harpa Reynisdóttir

Mætt: Huguín Harpa Reynisdóttir, Olga Ingólfssdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Þorvarður Árnason, Katrín Jónsdóttir og Eyrún Helga Ævarsdóttir.

Fjarverandi: Vilhjálmur Magnússon, Eyjólfur Guðmundsson, Hrafnkell Guðnason, Bjarni Guðmundsson og Helga Árnadóttir.

**1. Fundaskipulag næsta vetrar**

Huguín Harpa kynnti fundaskipulag næsta vetrar, fundarmenn samþykkja skipulagið.

**2. Teymi Nýheima**

Rætt var um þá vinnu sem hefur farið fram í teymum Nýheima. Ljóst er að mannauðurinn er mikill og margar góðar verkefnahugmyndir hafa komið fram.

Umræður sköpuðust um áframhaldandi vinnu teymanna og umgjörð þeirra.

Stefnt er að því að raungera nokkrar umsóknir um styrki til nýrra verkefna á komandi mánuðum. Má þar nefna að menningar-teymi gerir ráð fyrir að standa fyrir félaga- og frístundakynningu í september og rannsóknateymi hyggst undirbúa verkefni sem felst í viðtölum við elstu kynslóð Hornfirðinga.

**3. Önnur mál**

Mælst er til að fólk skrái sumarfrí sín í sameiginlegt dagatal.

Fundi slitið klukkan 12:00

*Kristín Hermannsdóttir*

*Huguín Harpa Reynisdóttir*